

**Sp. 446. Tillaga til þingsályktunar [268. mál]**

um mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera átak á árinu 1985 til að ráða bót á mengun frá fiskimjölsverksmiðjum og útvega lánsfé til framkvæmda.

Jafnframt verði gerð áætlun um varanlegar úrbætur í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja í samvinnu við hlutaðeigandi eigendur og samtök þeirra, svo og heilbrigðis- og náttúruverndaryfirvöld.

Áætlunin miðist við að lágmarkskröfum um mengunarvarnir allra starfandi fiskimjölsverksmiðja verði fullnægt innan tveggja ára og fjármagn tryggt til þeirra aðgerða. Verði í senn haft í huga ytra og innra umhverfi verksmiðjanna og lögð áhersla á bættu nýtingu hráefnis og orkusparnað ásamt viðhlítandi mengunarvörnum.

**Greinargerð.**

Tillaga sama efnis var flutt á þremur þingum, 1978—1979, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Telja verður þó að sá tillöguflutningur og umræður, er honum tengdist, hafi ýtt á eftir stjórnvöldum að leita úrbóta varðandi mengun frá fiskimjölsverksmiðjum á árunum 1980—1983, eins og nánar er gerð grein fyrir hér á eftir og í fylgiskjölum með þingsályktunartillögunni.

Samdráttur í loðnuveiðum og bann við þeim á árunum 1981—1982 leiddi til mikilla rekstrarerfiðleika hjá þeim verksmiðjum sem byggt höfðu afkomu sína á loðnuvinnslu og dró það úr viðleitni og getu til að fjárfesta í verksmiðjunum, þar á meðal til mengunarvarna.

Frá árinu 1983 að telja hafa loðnuveiðar til bræðslu farið vaxandi á ný og ástæðulaust annað en gera ráð fyrir að þar verði framhald á þótt sveiflur verði í aflamagni. Auk þeirra loðnuverksmiðja, sem nú eru starfræktar, eru um 20 verksmiðjur sem einungis vinna úr fiskúrgangi, og frá sumum þeirra stafar veruleg mengun.

Þótt úrbætur hafi verið gerðar á mengunarmálum ýmissa fiskimjölsverksmiðja að undanfögnu, svo sem í Krossanesi við Eyjafjörð, er ástandið víða með öllu óviðunandi, ekki síst hjá loðnubræðslum á Austfjörðum. Því er enn brýnt að knýja á um aðgerðir þar sem stjórnvöld verða að hafa forustu í samvinnu við forráðamenn viðkomandi fyrirtækja og sveitarstjórnir. Hér er bæði um að ræða sjávarmengun og loftmengun frá verksmiðjunum auk bágborins innra starfsumhverfis hjá mörgum þeirra. Sjávarmengunin kemur einnig til við löndun úr veiðiskipum þar sem ekki er fyrir hendi viðhlítandi löndunarbúnaður eða brotið er gegn reglum, m. a. varðandi skolun lesta og dælingu í höfnum. Ófullkomin geymsla hráefnis og vinnsla úr skemmdu hráefni bætir oft ekki úr skák.

Ástandið vegna loftmengunar frá loðnubræðslum er með fádæmum slæmt þar sem aðstæður eru verstar, ekki síst í þröngum fjörðum, og tilfinnanlegast á góðviðrisdögum. Veldur engin mengun hérlendis jafnmiklum óþægindum fyrir marga og „peningalyktin“ og hún er tvímælalaust heilsuspillandi, ekki síst fyrir þá sem veilir eru fyrir í öndunarferum.

Því má ekki dragast að á þessum vanda sé tekið með þeim hætti sem lagt er til í þingsályktunartillögunni.

Lögum samkvæmt eiga allar fiskimjölsverksmiðjur að hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, en einungis fáar þeirra hafa fullt starfsleyfi eins og fram kemur í fylgiskjali I með þessari tillögu, og sumar eru reknar án nokkurs leyfis heilbrigðisyfirvalda.

Á árinu 1980 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Svavar Gestsson, nefnd til að semja drög að reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin skilaði álit í júní 1981 og hafa niðurstöður nefndarinnar, sem birtar eru í fylgiskjali II með tillögunni, síðan verið leiðbeinandi þegar lagt hefur verið mat á úrbætur og starfsleyfi til fiskimjölsverksmiðjanna.

Þá skipaði Hjörleifur Guttormsson sem iðnaðarráðherra þann 7. ágúst 1981 starfshóp með fulltrúum frá fjórum ráðuneytum til að fjalla um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum á grundvelli ríkisstjórnarsamþykktar frá 13. júlí 1981. Skilaði starfshópur þessi álit 29. júní 1982 varðandi lánsfjármögnun og styrkveitingar úr ríkissjóði til að draga úr mengun frá fiskimjölsverksmiðjum, svo og ábendingum um hversu innlendir iðnaður geti orðið betur hlutgengur en áður í verkefnum á þessu sviði. Álit þessa starfshóps er birt á fylgiskjali III með tillögunni.

Eins og fram kemur á fylgiskjali I var veitt framlag á fjárlögum árána 1981—1984 til að styrkja fiskimjölsverksmiðjur til að koma við úrbótum í mengunarvörnum og fengu níu verksmiðjur slíka styrki, sumar þrjú ár í röð. Á fjárlögum áráns 1985 er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinu framlagi í þessu skyni og er það tilfínnanleg afturför. Þeim mun brýnna er að tryggt verði lánsfé til aðgerða í mengunarmálum fiskimjölsverksmiðja samkvæmt lánsfjáráætlun áráns 1985. Er eðlilegt að mati flutningsmanna að því fjármagni verði ráðstafað í gegnum Fiskveiðasjóð sem lánað hefur til fiskimjölsverksmiðja. Þess þarf hins vegar að gæta að slíkt fjármagn fari til brýnustu úrbóta í mengunarvörnum, en á næstu árum verði tryggt fjármagn skv. þeirri áætlun sem tillagan gerir ráð fyrir.

Í eftirfarandi fylgiskjöllum kemur fram yfirlit um ástand mengunarmála hjá fiskimjölsverksmiðjum, yfirlit um starfsleyfi til verksmiðja undanfarin 3½ ár og hvers eðlis er sú margþætta mengun sem hér er við að fást.

Hollustuvernd ríkisins og öðrum, sem lagt hafa fram upplýsingar vegna þessa tillöguflutnings, er þökkuð aðstoðin.

## Fylgiskjal I.

### STARFSLEYFI FISKIMJÖLSVERKSMIÐJA OG STYRKIR TIL MENGUNARVARNA

Greinargerð frá Hollustuvernd ríkisins — mengunarvörnum, dags. 11. jan. 1985, um starfsleyfisveitingar til handa fiskimjölsverksmiðjum síðast liðin 3½ ár og um styrkveitingar til mengunarvarna í fiskimjölsverksmiðjum af fjárlagalið 08-399-0157.

Í september 1980 stofnaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til þess að vinna drög að reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin lauk störfum í júní 1981. Frá þeim tíma hafa starfsleyfi verið unnin með hliðsjón af þessum reglugerðar-drögum.

Eftirtaldar níu fiskimjölsverksmiðjur hafa fengið starfsleyfi frá miðju ári 1981 til loka ársins 1984. Þessar verksmiðjur eru flestar nýjar eða endurbyggðar:

		Umsókn		Starfsleyfi
Síldarverksmiðjan í Krossanesi, Akureyri	júní	'81	des.	'81
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan hf., Ólafsvík	ágúst	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar hf., Grundarfirði	okt.	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Fiskiðju Sauðárkróks hf.	nóv.	'81	jan.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Eyrbyggja hf., Stokkseyri	okt.	'81	febr.	'82
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals	apr.	'82	ágúst	'82
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Ólafsfjarðar hf.	okt.	'83	júní	'84
Lýsi og mjöl hf., Hafnarfirði	febr.	'84	júní	'84
Fiskimjölsverksmiðja Stranda hf., Hafnahreppi	des.	'83	sept.	'84

Eftirtaldar verksmiðjur hafa sótt um endurnýjun eldri starfsleyfa:

Síldarverksmiðjur ríkisins, Seyðisfirði	jan.	'84
Fiskimjölsverksmiðja Hraðfrystihúss Eskifjarðar	apríl	'84
Fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar hf., Neskaupsstað	nóv.	'84
Síldarverksmiðjur ríkisins, Reyðarfirði	nóv.	'84
Fiskimjölsverksmiðja Ísbjarnarins hf., Seyðisfirði	des.	'84

Starfsleyfistillögur fyrir þessar verksmiðjur eru nú í vinnslu hjá mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

Eftirtaldar verksmiðjur hafa sótt um styrk af fjárlagalið 08-399-0157:

	Ár
Lýsi og mjöl, Hafnarfirði	1981, 1982, 1983, 1984
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan, Ólafsvík	1981, 1982, 1983
Fiskimjöl og lýsi, Grindavík	1981
Fiskiðja Sauðárkróks	1981
Síldarverksmiðjan Krossanesi, Akureyri	1981, 1983
Fiskimjölsverksmiðja Eskifirði	1981
Fiskimjölsverksmiðja Þórshöfn	1982
Fiskimjölsverksmiðja Eyrbyggja, Stokkseyri	1982
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar	1982, 1983, 1984
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals	1982, 1983
Fiskimjölsverksmiðja Svalbarði, Patreksfirði	1983
Fiskimjölsverksmiðja Búlandstinds, Djúpavogi	1983
Fiskimjölsverksmiðja Ólafsfirði	1982

Eftirtaldar verksmiðjur hafa fengið styrki af fjárlagalið 08–399–0157:

	Ár	Upphæð
Lýsi og mjöl, Hafnarfirði .....	1981	300 þús.
	1982	100 þús.
	1984	300 þús.
Fiski- og síldarmjölsverksmiðjan Ólafsvík .....	1981	300 þús.
	1983	200 þús.
Fiskiðja Sauðárkróks .....	1981	200 þús.
	Síldarverksmiðjan Krossanes, Akureyri .....	1981
1983		150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Grundarfjarðar .....	1982	400 þús.
	1983	250 þús.
	1984	300 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals .....	1982	100 þús.
	1983	150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Búlandstinds, Djúpavogi .....	1983	150 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Svalbarða, Patreksfirði .....	1982	200 þús.
	1983	300 þús.
	1984	300 þús.
Fiskimjölsverksmiðja Ólafsfjarðar .....	1982	200 þús.

Ólafur Pétursson.

Sigurbjörg Gísladóttir.

## Fylgiskjal II.

### Hollustueftirlit ríkisins:

#### STUTT YFIRLIT YFIR FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUR Á ÍSLANDI

Í Samtökum íslenskra fiskimjölsframleiðenda eru nú 39 aðilar sem reka samtals 45 fiskimjölsverksmiðjur. Í skýrslu loðnufundar fyrir árið 1980 eru taldar upp 24 loðnuverksmiðjur. Þar af tóku 22, með afkastagetu frá 150 tonnum á sólarhring og upp í 1200 tonn á sólarhring, á móti loðnu til bræðslu. Stærstar eru síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Fiskimjölsverksmiðjan hf. í Vestmannaeyjum.

Hráefnisnýting í loðnuverksmiðjum á vetrarvertíð 1980 var frá 19,6% og upp í 26,2% og er hér um gífurlegan mismun að ræða sem hlýtur að hafa mikla þýðingu fyrir afkomu verksmiðjanna. Hugsanlegt er að skýra þetta með mismun á hráefni, en sá möguleiki er einnig fyrir hendi að mismikið fari til spillis við löndun, geymslu og vinnslu hráefnis, sem veldur mismikilli mengun.

Langflestar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi notast við svokallaða beina eldþurrkun. Miklu erfiðara er að koma við góðri lyktyðingu við útblástur verksmiðjanna ef um beina eldþurrkun er að ræða heldur en t. d. gufuþurrkun eða óbeina eldþurrkun því að þá er brennsla lyktarefnanna, áður en útblæstrinum er sleppt í umhverfið, tiltölulega auðveld. Hvað viðvíkur öðrum þáttum mengunarvarna er hins vegar ekki um mismun að ræða eftir því hvaða þurrkaðferð er notuð, nema ef vera skyldi þar sem olía er ekki notuð til framköllunar varmans, en slíkur verksmiðjum er ekki til að dreifa á Íslandi.

Allar fiskimjölsverksmiðjur á Íslandi eiga að hafa starfsleyfi frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Í dag hafa einungis fáar fiskimjölsverksmiðjur fullt starfsleyfi og skal ekki lagður dómur á það hér hverju um er að kenna. Með samræmdum grunnkröfum, eins og þeim sem fram koma í drögum þessum, og jafnframt að öllum verksmiðjum sé skylt að sækja um starfsleyfi innan tiltekins tíma frá útgáfu reglugerðarinnar er vonast til að hægt sé að bæta úr á tiltölulega skömmum tíma.

#### Mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

Almenn atriði:

Umhverfismengun frá fiskimjölsverksmiðjum, — og er þá átt við alla þætti starfseminnar, frá því bræðslufiski er landað eða úrgangur fellur til, og þar til tilbúin vara fer úr verksmiðjunni — er mjög margvísleg. Um er að ræða loft-, láðs- og lagarmengun og geta margir þættir starfseminnar valdið hverri tegund mengunar fyrir sig.

Almennt er hægt að segja að allar aðgerðir til að draga úr umhverfismengun frá ákveðinni starfsemi geti verið með þrennum hætti:

1. Að koma í veg fyrir að hin mengandi efni myndist.
2. Að koma í veg fyrir að hin mengandi efni berist út í umhverfið, eða að flytja hin mengandi efni yfir í það form sem talið er að minni óþægindum eða skaða valdi.
3. Að dreifa hinum mengandi efnum svo í umhverfinu að þau valdi sem minnstum óþægindum eða skaða.

Nefndin álitur að í fiskimjölsverksmiðjum sé góð umgengni, aðgæsla, viðhald og þrif á öllu athafnasvæðinu mjög mikilvægar mengunarvarnir.

Til mengunarvarna af þessu tagi þarf lítinn tækjabúnað, kostnaður er lítill, en arðsemi er líkleg til að aukast vegna öruggari rekstrar og betri nýtingar hráefnis.

Um mengunarvarnir af þeirri tegund, sem að ofan greinir, fer að mestu leyti eftir stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækjanna án þess að verið sé að uppfylla ákveðnar kröfur sem gerðar eru. Óhjákvæmileg skörun er þó alltaf vegna aðgerða í anda ofangreindra mengunarvarna og aðgerða til að uppfylla ákveðnar kröfur um mengunarvarnir.

Loftmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Sú tegund mengunar frá fiskimjölsverksmiðjum, sem oftast er kvartað yfir, er loftmengun, nánar tiltekið lyktarmengun. Lyktarmengun á sér aðallega stað á þrem stöðum í verksmiðjunni. Þar af er talið að 60—80% komi frá þurrkurum, 10—20% frá öyfirbyggðum hráefnisgeymslum og 10—20% frá sjóðurum, pressum og forsum.

Um 5% af lykt þeirri sem frá fiskimjölsverksmiðjum berst eru talin koma frá öðrum þáttum en þeim sem að ofan greinir.

Lyktin stafar frá ýmsum efnum sem eru í útblæstri verksmiðjanna, svo sem ammoníaki, brennisteinsvetni, amínum, karbonýlsamböndum og mercaptonum, svo eitthvað sé nefnt. Styrkur lyktarefnanna í útblæstrinum er að mestu leyti háður því hve langt niðurbroti hráfnisins er komið þegar það er unnið, en niðurbrot hráfnisins er aftur háð fjölda atriða, svo sem aldri, hitastigi frá því hráefni sem fellur til, átumagni og virkni rotvarnar.

Besta mengunarvörnin er alltaf sú að koma í veg fyrir að hin mengandi efni myndist. Reglur um meðferð hráfnis hljóta því að vera stór liður í reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Ef koma á í veg fyrir að mengunarefni þau sem óhjákvæmilega myndast berist út í andrúmsloftið þarf meðhöndlun á hinu mengaða lofti til að ná úr því mengunarefnunum, áður en það fer af verksmiðjusvæðinu. Því meiri styrk sem mengunarefnin hafa og því minna loftmagn sem um er að ræða, því auðveldara verður að fjarlægja þau. Það er því mjög mikilvægt að safna hinu mengaða lofti á einn stað á þann hátt að sem allra minnst sé dregið með af ómengudu lofti.

Þegar loftinu hefur verið safnað saman er það sent í gegnum hreinsibúnað sem getur verið með ýmsum hætti.

Ef á að dreifa loftmengunarefnunum svo að þau valdi sem minnstum óþægindum kemur hár skorsteinn helst til greina. Staðsetning verksmiðju er einnig stórt atriði í þessu tilliti. Staðsetning utan þéttbýlis, og þannig að tekið sé mið af ríkjandi vindáttum, miðar að því að dreifa útblæstrinum á þann hátt að óþægindin verði minni en ella. Enginn vafi er á að hér á landi hafa oft átt sér stað skipulagsleg mistök hvað þetta atriði varðar og eins í sambandi við skipulagningu íbúðabygðar með tilliti til verksmiðjanna.

Sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Í fiskimjölsverksmiðjum er venjulega notað bæði ferskvatn og sjór. Að magni til er notkun sjávar miklu meiri — allt að 40—50 sinnum. Vatn þetta tekur í sig nokkuð af mengunarefnum á athafnasvæði verksmiðjunnar og skolar þeim til sjávar. Að langmestu leyti er hér um að ræða lífrænan úrgang sem eyðist fyrir tilstilli baktería í sjónum og að því leyti ekki hættulegt, svo fremi að hæfni svæðisins til móttöku slíks sé ekki ofboðið.

Mesta sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum á sér sennilega stað þegar um töp á hráefni er að ræða. Slík töp eiga sér óhjákvæmilega stað ef löndun, flutningur og geymsla hráfnisins er ekki þétt og vantar mikið á að svo sé hjá mörgum verksmiðjum. Þessi hráfnistöp eru reyndar, auk þess að valda mengun, verksmiðjunum sjálfum óhagstæð þegar til lengdar lætur. Sjór er aðallega notaður til þéttingar og þvottar á gufu úr útblæstri verksmiðjanna, svo og til þéttingar á gufu frá sodtækjum. Vert er að gera sér grein fyrir að sjór mengast í þvotta og þéttiturni fyrir útblástur verksmiðjunnar vegna þess að loftmengun er þar að hluta breytt í frárennismengun, en slíkt er talið að valdi íbúum í grennd við verksmiðjurnar mun minni óþægindum. Notkun á ferskvatni í fiskimjölsverksmiðjum er miklu dreifðari en notkun á sjó þótt um minna magn sé að ræða.

Ferskvatn er notað inni í verksmiðjunni og utan, bæði vegna framleiðslunnar og eins við þrif. Mengun ferskvatns, sem frá verksmiðjunum kemur, er venjulega á miklu hærra stigi en sjávar, svo að ástæða getur verið til að setja hreinsibúnað á þá frárennislístrauma. Oft er hægt að nýta þau mengunarefni sem þannig fást í framleiðslu verksmiðjunnar. Mjög mikilvægt er í því tilfalli að eins lítið vatn sé notað og unnt er.

Alltaf er nokkur hættu á sjávarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum vegna slysa sem átt geta sér stað. Olía og lýsi getur t. d. með einhverjum hætti runnið niður. Að sjálfsögðu eru öll slík slysa beint tap fyrir verksmiðjurnar og því gera þær ýmsar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slíkt, en nefndinni þótti einnig rétt að setja inn ákveðin ákvæði í reglugerðina um þessi atriði, enda getur í slysatilfellum orðið um mjög alvarlega mengun að ræða.

Skolpmengun frá fiskimjölsverksmiðjum er sú sama og frá annarri starfsemi og er hægt að koma í veg fyrir hana með því að leiða skolpið í almennar frárennislagnir ef þær uppfylla þá sett skilyrði sem er reyndar mjög oft ekki hér á landi og e. t. v. í fæstum tilfellum. Ef ekki er hægt að leiða skolpið í almennar frárennislagnir þarf verksmiðjan sjálf að koma því frá sér með viðurkenndum hætti.

Landmengun frá fiskimjölsverksmiðjum:

Nefndin telur að landmengun frá fiskimjölsverksmiðjum sé lítið vandamál. Koma má í veg fyrir slíka mengun með aðgæslu og góðri umgengni. Gæta þarf að ekki fari hráefni til spillis í flutningum og koma brotajárni og öðrum föstum úrgangi fyrir á viðeigandi hátt.

#### **Greinargerð með drögum að reglugerð til varnar loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum.**

Þann 8. sept. 1980 setti heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á stofn nefnd til að semja tillögur að reglugerð um varnir gegn loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum. Nefndin hélt sinn fyrsta fund 27. okt. 1980. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Pétursson fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins, og var hann jafnframt formaður og ritari nefndarinnar, Geir Zoëga fyrir Félag íslenskra fiskimjölsframleiðenda, Kristján Kristinsson fyrir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Magnús Magnússon fyrir Iðntæknistofnun Íslands.

Haldnir voru samanlagt 17 fundir, sá síðasti þann 27. apríl 1981.

Nefndin aflaði sér upplýsinga víða að, m. a. framkvæmdi Upplýsingaþjónusta Rannsóknaráðs tölvuleit á nýjustu greinum sem birst hafa í nokkrum tímaritum þeim sem upplýsingaþjónustan hefur aðgang að.

Á fundi nefndarinnar hafa komið Hrafn V. Friðriksson, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits ríkisins, Magnús Jóhannsson hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Páll Ólafsson efnaverkfræðingur. Auk þess var haft samband við loðnunefnd og aflað upplýsinga þaðan, svo og frá samtökum fiskimjölsverksmiðja, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Statens Naturvårdsværk, Svíþjóð, Statens Forurensningstilsyn, Noregi, og Miljöstyrelsen, Danmörku.

Nefndin, að undanskildum Geir Zoega sem var erlendis, fór til Austfjarða, nánar tiltekið Neskaupstaðar og Eskifjarðar, dagana 5.—6. febr. 1981 til að kynna drög þau að reglugerð sem unnin höfðu verið og hér fylgja. Hugmyndin var að kynna drögin einnig á Seyðisfirði, en vegna ófærðar komust nefndarmenn ekki þangað. Á Eskifirði og Neskaupstað voru drögin kynnt fyrir heilbrigðisnefndum staðanna og einnig ýmsum forráðamönnum verksmiðjanna. Gerðu þessir aðilar ýmsar athugasemdir og komu með nýjar hugmyndir sem vert væri að taka með í reglugerðina.

Kröfur þær, sem fram koma í drögum, sem hér eru sett, að reglugerð til varnar loft-, láðs- og lagarmengun frá fiskimjölsverksmiðjum, eru hugsadar sem lágmarkskröfur sem allar verksmiðjur ættu að uppfylla og mynda því nokkurs konar grunn. Til sumra verksmiðja má búast við að gera þurfi meiri kröfur vegna staðsetningar þeirra og þá aðallega vegna nálægðar við þéttbýli.

Þessar auknu kröfur mundu að öllum líkindum miða að aukinni lyktheydingu, en sjóþvottaturn, eins og í drögum er gerð krafa um, jafngildir alls ekki kröfu um fullkomna lyktheydingu. Helst kemur til greina sem viðbótarlyktheydingarbúnaður efnahreinsiturn sem er tiltölulega dýr í rekstri, eða að brenna afgösunum að loknum sjóþvotti.

Nánar verður gerð grein fyrir þessum möguleikum síðar í greinargerð.

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að verksmiðja sé þannig staðsett að lágmarksbúnaður,

sá sem er í þessum drögum, sé ekki nauðsynlegur. Í því tilfalli er gert ráð fyrir að hægt sé að veita undanþágur frá ákveðnum atriðum.

Grundvallaratriði er — sem nefndin er sammála um — að hver verksmiðja fyrir sig afli sér starfsleyfis frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með þeim hætti sem kveðið er á um í reglugerð nr. 164/1972. Hjá þessu verður ekki komist vegna þess hve aðstæður geta verið mismunandi í verksmiðjum og mengunarvarnir þarf alltaf að miða við aðstæður til þess að það mark náist sem að er stefnt, án þess að þær verði óhóflega dýrar.

## DRÖG

### Reglugerð til varnar mengun frá fiskimjölsverksmiðjum.

#### 1. KAFLI

##### Umhverfi og húsnæði.

- 1.1. Athafnasvæði fiskimjölsverksmiðja, þar sem akstur á hráefni eða framleiðslu fer fram, skal lagt bundnu slitlagi.
- 1.2. Byggingar fiskimjölsverksmiðja skulu varðar gegn ágangi hvers kyns meindýra eftir því sem kostur er.
- 1.3. Verksmiðja skal kappkosta að halda öllu athafnasvæði sínu, svo og útliti, sem snyrtilegustu.
- 1.4. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá byggingum og haga allri starfsemi svo að hætta á salmonella-sýkingu verði sem minnst. Skal m. a. hafa samráð við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

#### 2. KAFLI

##### Löndun og flutningur hráefnis.

- 2.1. Við löndun á hráefni skal helst nota þurrðælingu, en að öðrum kosti sé löndunarvatn endurnýtt svo sem kostur er og öll fita og þurrefni tekið til vinnslu í verksmiðju.
- 2.2. Við löndun skal koma í veg fyrir að hráefni eða vökvi fari til spillis. Til flutnings á hráefni frá skipi eða vinnslustöð skulu einungis notuð flutningatæki sem eru þannig útbúin að hráefni fari ekki til spillis eða frá þeim renni vökvi er valdi óþrifum.
- 2.3. Skolvatn frá fyrstu skolun veiðiskipa eða flutningatækja skal tekið til vinnslu í verksmiðju. Við skolunina skal halda vatni í lágmarki með t. d. háþrýstidælu.

#### 3. KAFLI

##### Hráefnisþrær og geymsla hráefnis.

- 3.1. Allt hráefni skal að jafnaði geymt í yfirbyggðum þróm eða tönkum. Heimilt er enn fremur að hafa eina óyfirbyggða þró, þó aðeins ef yfirbyggt þróarrými samsvarar fjögurra sólarhringa afkastagetu verksmiðjunnar, óyfirbyggðu þróna má einungis nota á tímabilinu 1. október til 30. apríl þegar bræðslufiskvertíð stendur yfir og þegar annað þróarrými er af skornum skammti. Verja skal óyfirbyggðu þróna ágangi fugla.
- 3.2. Hráefnisþrær skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekið til vinnslu. Strax og hráefnisþró hefur verið tæmd skal skola hana með vatni sem haldið er í lágmarki með t. d. háþrýstidælu. Skolvatn frá fyrstu skolun skal taka til vinnslu í verksmiðju.

- 3.3. Fullnægjandi loftræsting skal vera í þeim hráefnisþróum þar sem menn eru að störfum, en að öðrum kosti skal ekki loftræsa hráefnisþrær. Aldrei má senda menn niður í óloftræstar þrær, tanka eða lestir skipa nema gengið hafi verið úr skugga um að nægt súrefni sé til staðar og engar eittraðar lofttegundir.
- 3.4. Órotvarinn bræðslufisk skal taka til vinnslu í verksmiðju svo fljótt sem kostur er. Rotvarinn bræðslufisk skal taka til vinnslu þegar styrkur rotvarnarefnis er kominn niður fyrir æskilegt lágmark, sbr. reglugerð um rotvörn bræðslufisks. Fiskúrgang skal ekki geyma lengur en 4 sólarhringa frá því hann fellur til, nema hitastig fari ekki yfir 4°C meðan á geymslu stendur. Nánar verður kveðið á um geymslutíma í starfsleyfi hverrar verksmiðju.
- 3.5. Við rotvörn hráefnis skal einungis nota viðurkenndan blöndunarbúnað. Um styrk og meðferð rotvarnarefna vísast til reglugerðar um notkun rotvarnarefna til geymslu í bræðslufiski, eins og hún er hverju sinni, svo og leiðbeiningar sem Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gefur út.
- 3.6. Öll rotvarnarefni, svo og vítissóta og önnur eiturefni og hættuleg efni, skal geyma í læstum geymslum. Sjá skal fyrir nægri loftræstingu þegar þörf er á umferð starfsmanna þar um. Til staðar skulu vera fullnægjandi öndunargrímur.
- 3.7. Ef tæki er notað við lempun í þró skal þrifa það áður en það er tekið upp.

#### 4. KAFLI.

##### Varni gegn loftmengun.

- 4.1. Loftræsta skal frá sjóðurum, pressum, forsiðum og öðrum verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðjum og ræstiloftið flutt til þvotta- og þéttiturns, sbr. 4.3. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt að sem minnst af ómengdu lofti sé flutt með til hreinsunar.
- 4.2. Loft frá þurrkurum skal fyrst leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni. Koma skal fyrir sjálfvirkum búnaði sem gerir aðvart ef rykskiljur vinna ekki svo sem til er ætlast.
- 4.3. Loft frá þurrkurum skal að lokinni rykskilju leiða í gegnum þvotta- og þéttibúnað sem þvær og hreinsar útblástursloftið með sjó. Áætlanir um gerð búnaðarins skal senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins til umsagnar. Útblástursloftið skal kælt niður í minnsta kosti 20°C.
- 4.4. Við hönnun hreinsibúnaðarins skal taka fullt tillit til nýtingar útblástursvarmans til orkusparandi aðgerða.
- 4.5. Að loknum þvotta- og þéttiturni skal leiða loftið í gegnum dropagildru og síðast út í gegnum reykháf. Hraði útblásturslofts við op reykháfs skal vera a. m. k. 10 m/sek. miðað við meðalafköst verksmiðju.
- 4.6. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir kröfur til hæðar reykháfs fyrir útblástursloft verksmiðjunnar miðað við aðstæður hverju sinni.
- 4.7. Ef talið er vegna staðsetningar verksmiðju að hreinsibúnaður skv. 4.1., 4.3., 4.5. og 4.6. skili ekki fullnægjandi árangri getur Heilbrigðiseftirlit ríkisins gert kröfur um frekari hreinsun.
- 4.8. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir kröfu til hæðar reykháfs á ketilhúsi og miðar við aðstæður hverju sinni.
- 4.9. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir mælingar á útlæstri verksmiðjanna ef ástæða þykir til. Verksmiðja skal sjá um að aðstaða til mælinga sé fyrir hendi.

## 5. KAFLI.

### Varnir gegn frárennismengun.

- 5.1. Öll soðkjarnatæki skulu útbúin með fullkomnum dropagildrum sem minnka töp yfir í þéttivatnið. Fylgjast skal vel með að soðtækin séu ekki ofhlaðin sbr. 5.2.
- 5.2. Bræðslufiskverksmiðjur skulu sjá um að gera mælingar á föstum lífrænum efnum í frárennsli, skv. nánari fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits ríkisins. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir einnig mælingar ef ástæða þykir til.
- 5.3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur sett ákveðin mörk fastra lífrænna efna í frárennsli miðað við aðstæður hverju sinni.
- 5.4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur, miðað við aðstæður hverju sinni og magn fastra lífrænna efna í frárennsli, gert kröfu til ákveðinnar hreinsunar frárennslis frá verk-smiðju.
- 5.5. Allt frárennsli skal leiða niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti.
- 5.6. Um frágang og varnir gegn mengun af völdum olíu fer skv. gildandi reglum.
- 5.7. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki stærsta tanksins í þrónni.  
Lokar á lýsistönkum skulu staðsettir sem næst geymunum innan þróar og vera af viðurkenndri gerð.
- 5.8. Allt skólþ skal leiða í rotþró eða frá því gengið með öðrum viðurkenndum hætti.
- 5.9. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar má sýrustig ( $P_H$ ) frárennslisstraumsins vera milli 5 og 10.

## 6. KAFLI.

### Veiting starfsleyfis til einstakra verksmiðja.

- 6.1. Einstökum fiskimjölsverksmiðjum ber að sækja um starfsleyfi skv. reglugerð 164/1972 til Heilbrigðiseftirlits ríkisins sem gerir tillögur að starfsleyfi til ráðherra.
- 6.2. Einstakar verksmiðjur geta sótt um starfsleyfi út á annars konar mengunarvarnir en um er getið í reglugerð þessari. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gerir þá tillögur að starfsleyfi samkvæmt þeim búnaði ef metið er að hann skili a. m. k. jafngóðum árangri.

## 7. KAFLI.

### Undanþágur.

- 7.1. Í starfsleyfi ákveðinna verksmiðja geta verið undanþágur frá ákvæðum reglugerðar þessarar þar sem þannig hagar til að ekki er talin þörf á viðkomandi ráðstöfunum til mengunarvarna. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu rökstuddar og fylgja starfsleyfisumsókn.

## 8. KAFLI.

### Viðurlög og málsmeðferð.

## 9. KAFLI.

### Gildistaka.

### Fylgiskjal III.

## SKÝRSLA STARFSHÓPS UM AÐGERÐIR TIL AÐ HRAÐA MENGUNARVÖRNUM OG ORKUSPARNAÐI Í FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUM

Guðrún Hallgrímsdóttir deildarstjóri  
Fálkagötu 19  
107 Reykjavík

7. ágúst 1981.

Á ríkisstjórnarfundi 13. júlí s. l. voru til umfjöllunar tillögur iðnaðarráðherra og sjávarútvegsráðherra um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsværksmiðjum.

Í tillögum þessum segir:

„Í því skyni að auðvelda fiskimjölsværksmiðjum í landinu að ráðast í breytingar til að draga úr mengun og olíunotkun samþykkir ríkisstjórnin að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Lánafyrirgreiðsla vegna kaupa á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsværksmiðjum verði allt að 85% af stofnkostnaði þegar tækin eru smíðuð hérlendis.
2. Notuð verði heimild í 6. gr. fjárlaga ársins 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna.
3. Aflað verði lagaheimildar til niðurfellingar eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatti af aðföngum til smíði hérlendis á orkusparnandi tækjum til mjölframleiðslu í fiskimjölsværksmiðjum.“

Ríkisstjórnin „samþykkti“ að skipa starfshóp í þessu skyni af hálfu fjármálaráðuneytisins, iðnaðarráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins“.

Ráðuneytið hefur ákveðið, í samræmi við ofanritað, að skipa eftirtalda menn í starfshóp til að vinna að útfærslu og framkvæmd þessarar stefnumörkunar:

Frá iðnaðarráðuneyti: Guðrún Hallgrímsdóttir deildarstjóri sem jafnframt er formaður starfshópsins.

Frá fjármálaráðuneyti: Brynjólfur Sigurðsson fyrrverandi hagsýslustjóri.

Frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti: Ingimar Sigurðsson deildarstjóri.

Frá sjávarútvegsráðuneyti: Bogi Þórðarson aðstoðarmaður ráðherra.

Þóknun fyrir störf starfshópsins verður ákveðin af þóknunarnefnd.

Þér eruð hér með skipuð í ofangreindan starfshóp.

**Hjörleifur Guttormsson.**

Páll Flygenring.

Iðnaðarráðuneytið  
Arnarhvoli.

Reykjavík, 29. júní 1982.

Hér með sendist skýrsla starfshóps fjögurra ráðuneyta sem skipaður var af iðnaðarráðuneyti þann 7. ágúst 1981 til að vinna að aðgerðum til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsværksmiðjum.

Starfshópurinn ítrekar tillögur sínar frá 1. desember 1981 um útvegum lánsfjár. Auk þess leggur starfshópurinn til að á fjárlögum fyrir árið 1983 verði upphæð sambærileg þeirri á fjárlögum 1982 til styrktar fiskimjölsverksmiðjum til þess að draga úr mengun.

Starfshópurinn hélt 18 bókaða fundi.

#### **F. h. starfshópsins,**

*Guðrún Hallgrímsdóttir.*

18. febrúar 1982.  
Breytt 16.06. 1982.

### **Skýrsla starfshóps til að vinna að útfærslu og framkvæmd stefnumörkunar um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum.**

#### **1. Skipan starfshóps.**

Með bréfi dagsettu 7. ágúst 1981 fól iðnaðarráðuneytið starfshópi fjögurra ráðuneyta að vinna að aðgerðum til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum. Starfshópurinn skipaðu eftirtaldir menn:

Guðrún Hallgrímsdóttir, iðnaðarráðuneyti, formaður.

Brynjólfur Sigurðsson, fjármálaráðuneyti.

Ingimar Sigurðsson, heilbrigðisráðuneyti.

Bogi Þórðarson, sjávarútvegsráðuneyti.

Starfshópurinn hefur haldið 18 bókaða fundi og kynnt sér ýmis gögn varðandi tækjabúnað fiskimjölsverksmiðja, nýjungar á sviði fiskimjölsframleiðslu og kostnað við breytingar á verksmiðjum. Á fundi starfshópsins hafa komið starfsmenn Landsmiðjunnar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, einnig forstöðumaður Vinnueftirlitsins og Jón Þórðarson frá Lofthreinsun.

Þá hélt starfshópurinn fund með Davíð Ólafssyni formanni Fiskveiðasjóðs og Björgvini Vilmundarsyni formanni Útflutningslánaþjóðs. Einstakir nefndarmann ræddu einnig við fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun og hinum ýmsu sjóðum iðnaðarins. Hinn 2. apríl 1982 kynnti starfshópurinn tillögur sínar fyrir framkvæmdastjóra Framkvæmdastofnunar sem síðan lagði þær fyrir stjórn stofnunarinnar.

Við mótun tillagna starfshópsins var haft samráð við fjármálaráðuneytið og fjárlaga- og hagsýslustofnun.

#### **2. Verkefni starfshópsins.**

Á fundi ríkisstjórnarinnar hinn 16. júlí 1981 var eftirfarandi tillögum vísað til athugunar starfshóps fjögurra ráðuneyta:

„Í því skyni að auðvelda fiskimjölsverksmiðjum í landinu að ráðast í breytingar til að draga úr mengun og olíunotkun samþykkir ríkisstjórnin að beita sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Lánafyrirgreiðsla vegna kaupa á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum verði allt að 85% af stofnkostnaði þegar tækin eru smíðuð hérlendis.
2. Notuð verði heimild í 6. gr. fjárlaga ársins 1981 um niðurfellingu eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og söluskatt á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna.
3. Aflað verði lagaheimildar til niðurfellingar eða endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og

söluskatti af aðföngum til smíði hérlandis á orkusparandi tækjum til mjölframleiðslu í fiskimjölsværksmiðjum.“

Tillögum þessum fylgdi ítarleg greinargerð.

Starfshópurinn hóf starf sitt á að kynna sér búnað fiskimjölsværksmiðja og helstu nýjungar á sviði mjölframleiðslu.

Í landinu eru starfræktar milli 50 og 60 feittfiskiverksmiðjur. Af þeim starfa 16 verksmiðjur með fullu starfsleyfi, 20 með skertu, en aðrar hafa ekkert leyfi. Auk þessara verksmiðja er fjöldi beinamjölsværksmiðja sem flestar eru mjög vanbúnaðar að tækjum. Álitid er að aðeins hluti þeirra 20 verksmiðja, sem starfa með skertu starfsleyfi, hafi bolmagn til að uppfylla kröfur um mengunarvarnir. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun um afkomu loðnuverksmiðja virðast litlar líkur standa til að þessar verksmiðjur hefji endurbyggingu nú. Ástand loðnustofnsins hefur enn frekar dregið úr þeim líkum.

Þetta ástand undirstrikar nauðsyn þess að leita verði að lausnum er lækka reksturskostnað fiskimjölsværksmiðja jafnframt því að hugað verði að mengunarvörnum.

Undanfarna áratugi hafa ýmsar aðferðir verið reyndar til að koma í veg fyrir mengun frá fiskimjölsværksmiðjum. Þeim er það flestum sammerkt að þær eru dýrar í framkvæmd og auka orkunotkun og árangur af þeim er misjafn. Auk reykháfa, þvottaturna og íblöndunar ýmissa efna, sem koma af stað efnahvörfum og eyða lykt, hafa tilraunir verið gerðar með þvottaturn og skiljur sem kenndar hafa verið við Jón Þórðarson. Skiptar skoðanir eru um gagnsemi þeirra hreinsitækja við fiskimjölsværksmiðjur en sumir, m. a. tæknimenn Landsmiðjunnar, telja að auðvelt sé að breyta tækjunum og gera þau ódýrari í rekstri. Hins vegar eru flestir sammála um hæfni tækjanna þegar um er að ræða hreinsun agna svo sem við Kísiliðjuna við Mývatn.

Að mati Heilbrigðiseftirlits ríkisins gætu skorsteinar og einfaldur þvottur víða bætt úr mengun af völdum fiskimjölsværksmiðja. Hvort sú aðgerð er nægjanleg fer þó að verulegu leyti eftir staðsetningu verksmiðja og ríkjandi vindátt á hverjum stað.

Á síðustu árum hefur verið unnið að samþæfingu mengunarvarna og varmaendurvinnslu. Búnaður sem uppfyllir þær kröfur hefur m. a. verið þróaður í Noregi og hlutar hans verið smíðaðir hérlandis. Tækin eru þurrkari með varmaendurvinnslu, forsjóðari, punktsoð og lykteyðingarbúnaður. Búnaður þessi er dýr og verður m. a. að endurnýja eldþurrkara, soðkarnatæki, forsjóðara og varmaskipta í núverandi verksmiðjum. Kostnaður við 500 tn. verksmiðju mun nema 8—9 milljónum króna á verðlagi í árslok 1981. Enn hefur ekki fengist full reynsla af búnaðinum á allar tegundir hráefnis. Við bræðslu á loðnu á þessum vetri kom í ljós ýmislegt sem þurfti lagfæringar við og náðist alls staðar sá árangur í orkusparnaði sem reiknað hafði verið með.

Undanfarið hafa ýmsar athuganir verið í gangi sem miða að nýtingu innlendra orkugjafa í stað innfluttra við þurrkun á mjöli. Vísast í þessum efnunum til skýrslu Stefáns Arnar Stefánssonar um nýja fiskimjölsværksmiðju á Reykjanesi sem hugsanlega nýtti jarðvarma svo og til skýrslu VÍR og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins um rafþurrkun á fiskimjöli. Þá er einnig hafin tilraunasmíði á litlum fiskimjölsværksmiðjum með allt að 100 tn. afköstum á dag er nýtt gætu raforku eða eru þannig útbúnar að öðru leyti að orkuþörf er lítil borin saman við hefðbundna olíukyndingu. Þessar verksmiðjur gætu verið staðsettar við frystihús og unnið úr úrgangi og slógi og þannig hannaðar að af þeim stafi lítill mengun. Landssmiðjan og Stál hf. í sameiningu telja sig geta framleitt 5—6 slíkar verksmiðjur á ári.

Þótt tekið sé mið af aflamagni síðustu ára og lengdar loðnuvertíðar getur varla talist hagkvæmt frá þjóðhagslegu sjónarmiði að endurbyggja nema um 10 stórar verksmiðjur (ca. 500 tn.). Við mat á fjöldanum var enn fremur haft í huga að þróun í stjórnl. fiskveiða haldi áfram þannig að afli berist jafnar að landi en fyrr og einnig tilkoma lítilla fiskimjölsværksmiðja, hugsanlega rafkynnta, til að nýta úrgang. Eðlilegt er að hráefnisöflun og orkugjafar ráði mestu um hvar stóru verksmiðjunum verður valinn staður.

Starfshópurinn kannaði vandlega þá lánaþyrngreiðslu sem íslenskum framleiðendum stendur til boða, svo og möguleikum til úrbóta. Í viðræðum við forráðamenn ýmissa sjóða kom fram að þeir töldu sjóðina ekki hafa sértækt fjármagn. Fengist hins vegar slíkt fjármagn væri nauðsynlegt að samræma kjör og tryggja að menn leiti ekki til erlendra framleiðenda vegna lakari lánskjara hérlendis. Á fundi með formönnum Fiskveiðasjóðs og Útflutningslánasjóðs var samþykkt að Garðari Ingvarssyni, Seðlabankanum, yrði falið að gera samanburð á möguleikum Útflutningslánasjóðs miðað við núverandi reglur og á þeim lánskjörum sem erlendir aðilar bjóða.

### 3. Tillögur starfshópsins.

#### A. Um 1. lið erindisbréfsins.

Miðað við þá forsendu að 10 stórar verksmiðjur nægi til að vinna þann afla sem berast mun á land í framtíðinni, og að gert sé ráð fyrir forhitara og afgaseimara ásamt mengunarvarnarbúnaði í þessar verksmiðjur, má ætla að fjárfestingin nemi um 70 milljónum króna á verðlagi í árslok 1981 þegar tekið hefur verið tillit til endurbyggingar sem nú þegar hefur átt sér stað. Ef miðað er við að lánsfjármagn verði í samræmi við það sem erlendir aðilar bjóða, eða um 85% af stofnkostnaði, og að endurbygging taki um 5 ár var lánsfjárförf í þessu skyni talin vera um 11 m. kr. á árinu 1982.

Þá taldi starfshópurinn hæfilegt að gera ráð fyrir að á árinu 1982 yrði byggð a. m. k. ein lítil verksmiðja eins og getið er um hér að framan. Slík verksmiðja kostaði uppsett á miðju ári 1981 rúmar 5,5 m. kr. og var því gert ráð fyrir að 4 milljóna króna lánsfé yrði útvegað til að byggja slíka verksmiðju.

Tillaga þessa efnis var lögð fyrir ríkisstjórnina 1. des. 1981 og var samþykkt á ríkisstjórnarfundi tveimur dögum síðar. Iðnaðarráðuneytinu var falið að koma erindinu á framfæri.

Samþykktin hljóðar þannig:

„Ríkisstjórnin samþykkir að fjármagni verði beint til mengunarvarna og orkusparandi aðgerða í fiskimjölsverksmiðjum.

a. Að heimilt verði að nýta á árinu 1982 5 m. kr., sem Fiskveiðasjóður skyldi fá frá Framkvæmdasjóði samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1981 og nota skyldi til fyrrgreindra aðgerða. Fénu hefur ekki enn verið ráðstafað.

b. Að útvegað verði fjármagn, 10 m. kr., handa Útflutningslánasjóði (samkeppnislán) sem verði lánað til innlendarar smíði á tækjum og búnaði til mengunarvarna og orkusparandi aðgerða í fiskimjölsverksmiðjum.“

Af opinberum sjóðum hefur Fiskveiðasjóður helst lánað til fiskimjölsverksmiðja. Í erindisbréfi starfshópsins og í greinargerð, sem því fylgdi, kom fram að endurbygging fiskimjölsverksmiðja gæti verið kjörið verkefni fyrir innlenda málmíðnað. Í viðtölum við innlenda framleiðendur hefur komið fram, að þeir telja sig vera samkeppnisfæra við erlenda framleiðendur að því er snertir verð og gæði. Aftur á móti veiti erlendir framleiðendur betri lánaþyrngreiðslu. Til að tryggja að viðskiptum yrði beint til innlendra málmsmíðafyrirtækja var lagt til að hluti fjármagnsins (10 m. kr.) færi um Útflutningslánasjóð. Hinn 4. desember 1981 ritaði iðnaðarráðuneytið fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar bréf og óskaði eftir að Fiskveiðasjóði yrðu áætlaðar 5 milljónir króna á lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 sem heimilt yrði að nota til mengunarvarna og orkusparnaðar í fiskimjölsverksmiðjum. Enn fremur fór ráðuneytið fram á að gert yrði ráð fyrir 10 milljónum króna í lánsfjáráætlun handa Útflutningslánasjóði til innlendarar smíði á tækjum og búnaði í sama skyni.

Ekki tókst að afla umbedins fjármagns til Útflutningslánasjóðs á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Þá var lagt til að Framkvæmdasjóði yrði falið að útvega lánsfé í samræmi við ákvarðanir á árinu 1981.

Starfshópurinn átti fund með forstjóra Framkvæmdastofnunar og skýrði tillögur sínar. Í viðræðum kom fram að Framkvæmdasjóður væri vanmegnugur að taka slíkar byrðar á sig.

Á næstunni munu væntanlegar tillögur nefndar sem endurskoðað hefur reglur um útflutningstryggingar og Útflutningslánaþjóf. Verði tillögur nefndarinnar um vaxtakjör að veruleika sýnist æskilegt að freista þess að útvega lánsfé samkvæmt tillögum starfshópsins á lánsfjáráætlun 1983, þannig að skipuleg uppbygging fiskimjölsverksmiðja geti hafist þegar á því ári.

#### **B. Um 2. og 3. lið erindisbréfsins.**

Í viðræðum við fjármálaráðuneytið kom fljótlega í ljós að tillögur varðandi niðurfellingu á aðflutningsgjöldum og söluskatti á efni, vélum og tækjum til mengunarvarna og til orkusparnaðar væru að mati ráðuneytisins illframkvæmanlegar. Í tillögum starfshópsins, sem ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 3. des. s. l., var því lagt til að veittur yrði styrkur til fiskimjölsverksmiðja, kr. 2 m. kr., og skal hann hverju sinni ákveðinn með hliðsjón af aðflutningsgjöldum og söluskatti af efni, vélum og tækjum. Þá skrifaði starfshópurinn fjárveitinganefnd Alþingis hinn 3. desember 1981 og fór fram á að gert yrði ráð fyrir styrk að upphæð 2 milljónir króna á fjárlögum 1982.

Í fjárlögum 1982 fengust alls kr. 1,5 m. kr. til styrktar mengunarvörnum í fiskimjölsverksmiðjum, þar af voru veittar kr. 0,5 m. kr. vegna umsóknar á árinu 1981.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins kynnti styrkveitingu þessa fyrir öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum.

Þar sem hér er um styrkveitingu að ræða er nauðsynlegt að ákveða hvaða aðili fjalli um forgangsroðun. Við slíka roðun bæri að taka mið af hugmyndum um skipulega uppbyggingu fiskimjölsverksmiðja og hagnýtingu nýrrar tækni.

Í raun snertir endurbygging fiskimjölsverksmiðja þrjú ráðuneyti, þ. e. heilbrigðisráðuneyti vegna mengunarmála, iðnaðarráðuneyti vegna orkusparandi aðgerða og sjávarútvegsráðuneyti vegna hinna nánú tengsla fiskimjölsverksmiðja við málaflökk þess ráðuneytis. Starfshópurinn leggur til að um forgangsroðun verði fjallað af fulltrúum frá þessum þremur ráðuneytum þótt fjárveiting til verkefnisins sé á einum stað í fjárlögum, t. d. hjá heilbrigðisráðuneyti, eins og var í fjárlögum fyrir árið 1982.

Eins og áður segir tilkynnti Heilbrigðiseftirlit ríkisins öllum starfandi fiskimjölsverksmiðjum að veitt hefði verið fé á fjárlögum til mengunarvarna.

Á fundi sínum 16. júní 1982 fjallaði starfshópurinn um þær 7 umsóknir sem borist höfðu. Hann varð sammála um eftirfarandi tillögu til heilbrigðisráðherra:

1. Fiskimjölsverksmiðjan Grundarfirði 400 000 kr. Um er að ræða nýja verksmiðju sem talin er fullnægja kröfum um mengunarvarnir.
2. Fiskimjölsverksmiðja Fiskvinnslu Bíldudals 100 000 kr. vegna endurbóta á hráefnispró.
3. Fiskimjölsverksmiðjan Svalbarði hf. Patreksfirði, 200 000 kr. til þess að reisa skorstein.

Starfshópurinn frestaði að gera tillögu um úthlutun á þeim 300 000 kr. sem eftir eru af styrkveitingu ársins 1982 þar til ljóst væri hvort fleiri umsóknir bærust.

Við afgreiðslu á umsóknum um styrki til mengunarvarna hefur starfshópurinn tekið mið af raunhæfum aðgerðum til mengunarvarna og leitast við að dreifa ekki fjármagni um of.

Starfshópnum barst erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um að honum yrði falið sérstaklega að gera tillögur um framtíð reksturs og staðsetningu Fiskiðjunnar hf. Njarðvík.

Starfshópurinn tekur undir þau sjónarmið er fram koma í erindi ráðuneytisins að hér er um vandamál að ræða er snertir þau sömu ráðuneyti og skipað hafa þennan starfshóp og væri því sú málsmeðferð eðlileg að líta á mál Fiskiðjunnar sem framhald á störfum starfshópsins. En þar sem forráðamenn verksmiðjunnar ákváðu að leggja hana niður varð ekkert úr tillögugerð.

#### 4. Lokaorð.

Starfshópurinn áltur nauðsynlegt að komið verði í veg fyrir óraunhæfar aðgerðir, svo sem að komið sé fyrir kostnaðarsömum búnaði í verksmiðjur sem fyrirhugað er að leggja niður.

Starfshópnum er ljóst að nauðsynlegt er að kynna þá tæknimöguleika er nú bjóðast og þær nýjungar sem í undirbúningi eru svo að draga megi úr mengun, bæta orkunýtingu og auka hagkvæmni í rekstri fiskimjölsverksmiðja. Slík kynning þarf að taka mið af kröfum yfirvalda um mengunarvarnir og enn fremur að uppbygging fiskimjölsverksmiðja verði eftir föngum verkefni innlendra framleiðenda.

Að því er snertir staðarval fyrir stóru verksmiðjurnar væri æskilegt að frekari athuganir yrðu gerðar. Þar gæti verið um verðugt verkefni að ræða fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins eða t. d. staðarvalsnefnd. Einnig er brýnt að mótun stefnu í kröfum um mengunarvarnir verði hraðað, en reglugerð í þeim efnum hefur verið í deiglunni um nokkurt skeið.

Afstaða starfshópsins til útvegunar lánsfjár hefur verið lýst að framan, og þá með tilliti til vilja stjórnvalda að fiskimjölsverksmiðjurnar yrðu endurbyggðar. Auk þess leggur starfshópurinn til að á fjárlögum fyrir árið 1983 verði sambærileg upphæð til styrktar fiskimjölsverksmiðjum til þess að draga úr mengun. Á þann hátt geta stjórnvöld haft áhrif á skipulega uppbyggingu og þar með komið í veg fyrir óraunhæfar aðgerðir.

Jafnframt þarf að tryggja að nægjanlegt lánsfé sé í boði með aðgengilegum kjörum, til áframhaldandi uppbyggingar.

Bogi Þórðarson,  
sjávarútvegsráðuneyti.

Brynjólfur Sigurðsson,  
fjármálaráðuneyti.

Guðrún Hallgrímsdóttir,  
iðnaðarráðuneyti.

Ingimar Sigurðsson,  
heilbrigðisráðuneyti.